

25. gr.

163

Reglugjörð þessi gildir frá byrjun skólaársins 1891—92.

*

*

Framanrituð reglugjörð, er samin er af amtsráðinu í norður- og austuramtinu eptir fru mvarpi tilkjörinna sýslunefndafulltrúa og tillögum sýslunefndanna í Húnavatns-Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjar sýslum, staðfestist hjer með.

Reykjavík, 1. sept. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vorpróf í lærða skólanum 1890. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 23. f. m. 12. sept. sent hingað þýðingu af brjefi frá stiptsyfirvöldunum, þar sem þau leita staðfestingar á samþykki því, er þau höfðu gefið til þess, að víkja mætti á þann hátt sem nánar er lýst í stiptsyfirvaldabrjefinu, frá ákvæðunum í 9. gr. reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík 11. júlí 1877 um vorpróf í skólanum, sakir inflúenzaveiki þeirrar, er í vor gekk í Reykjavík.

Útaf þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn fellst hjermeð á ofanefnda ráðstöfun, er stiptsyfirvöldin höfðu leyft.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti þurfaðings. — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 8. f. m. og skjöl þau er því fylgdu, snertandi sveitfesti gamalmennisins Þuríðar Bøðvarsdóttur, er þjer hafið álitíð sveitlæga í Reykholtaldalshreppi í úrskurði yðar í máli þessu, uppkveðnum 14. okt. f. á., sem hreppsnefndin í Reykholtaldalshreppi hefur áfrýjað til mín með erindi dagsettu 13. febr. þ. á., skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem ofanefndur úrskurður yðar er á byggður, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svohljóðandi:

«Hreppsnefndin í Reykholtaldalshreppi hefur með brjefi, dags. 2. janúar 1888, áfrýjað til amtsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarsýslu, dags. 15. desbr. 1884, er ákveður að gamalmennið Þuríður Bøðvarsdóttir skuli eiga rjett til sveitarframfærslu í Reykholtaldalshreppi.

Samkvæmt skjölum málsins og vitnaleiðslu þeirri, er amtið hefur látið fram fara í málinu, eru málavextir þannig:

Þuríður Bøðvarsdóttir er fædd á Hofstöðum í Hálsahreppi í Borgarfjarðarsýslu 29. sept. 1826 og eptir 16. aldursár hefur hún dvalið 3 ár á Skógum í Reykholtaldalshreppi og næst þar á eptir 11 ár í Deildartungu í sama hreppi; þaðan fluttist hún til Lundareykjadals og var þar 3 ár, þaðan vjek hún að Mófellsstöðum í Skorradalshreppi og dvaldi þar í 7 ár, eða til vorsins 1866, að hún fluttist að Þingnesi, og dvaldi þar síðan samfleytt til þess í oktbr. 1875 að hún fór að Deildartungu í Reykholtaldal og var þar hjá skyldfólki sínu vetrarlangt til vors 1876, er hún aptur fluttist að Þingnesi. Sýslumaður hefur í úrskurði sínum tekið það fram, að Þuríður samkvæmt framanskrifadri skýrslu um verustaði hennar, hafi hinn 29. septbr. 1847, með 5 ára löglegri dvöl í Reykholtaldalshreppi, verið búin að vinna sjer þar sveit, og þar